

Að öllu þessu athuguðu þykir ekki unnt að taka aðal-  
kröfu stefnanda um að leysa hann frá samningum til greina.

Hinsvegar telur rétturinn skv. framansögðu, að taka verði  
varakröfu stefnanda um lækkun leigunnar frá 14. maí til  
1. október 1937 til greina á þann hátt, að hann verður leyst-  
ur undan að greiða einn fimmta —  $\frac{1}{2}$  — umsaminnar leigu  
fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október 1937.

Eftir málavöxtum þykir verða að dæma stefndan til að  
greiða stefnanda í matskostnað og upp í málskostnað sam-  
tals kr. 125.00.

Því dæmist rétt vera:

Húsaleiga sú, sem stefnanda, Carl Jörgensen, ber að  
greiða stefndum, Kristjáni Bergssyni skv. framan-  
greindum húsaleigusamningi á að lækka um einn  
fimmta hluta fyrir tímabilið frá 14. maí 1937 til 1.  
október 1937.

Í matskostnað og upp í málskostnað ber stefndum  
að greiða stefnanda samtals kr. 125.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-  
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1938.

Nr. 4/1938. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Guðmundi Kristni Ögmundssyni**  
(Gunnar Þorsteinsson).

Kæra fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.

**Dómur hæstaréttar.**

Með lögum nr. 18/1927 voru fyrst sett almenn á-  
kvæði um skilyrði til þess að mega reka iðju og stunda  
eða reka iðn á landi hér. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr.  
laga þessara komu þau til framkvæmdar 1. janúar  
1928. Í 2. og 3. mgr. sömu greinar var jafnframt á-

kveðið, að þeir, er ráku iðju eða iðn þá eða héldu nemendur samkvæmt eldri lögum, skyldu halda þeim rétti. Kærði, sem þá fullnægði ekki skilyrðum 14. gr. téðra laga til þess að fá iðnbréf, en hafði allt frá árinu 1920 starfað að málningu húsa utan og innan, hélt þeirri starfsemi áfram í skjóli 27. gr. nefndra laga, án þess að hömlur væru á lagðar.

Með lögum nr. 105/1936 voru II. og III. kafli laga nr. 18/1927 samdir upp og ýmsar breytingar gerðar á ákvæðum þeirra um *iðnað*. Þar á móti var I kafli laganna um *iðju* og ákvæði II. kafla um *iðju* látin óbreytt, að undanteknu ákvæði 2. málsg. 27. gr., sem niður er fellt í 17. gr. laga nr. 105/1936. Í 4. gr. laga nr. 105/1936 eru sett ný ákvæði um skilyrði til þess að geta fengið iðnréttindi, og fullnægir kærði í máli þessu ekki heldur þeim skilyrðum. Í 17. gr. laga nr. 105/1936, sem kemur í stað 27. gr. laga 1927 og verður 29. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1933, eins og þau nú eru orðin, segir, að þau komi til framkvæmdar í kaupstöðum þegar, en annars staðar 1. júlí 1937. Ákvæði laga nr. 18/1927 um iðn giltu aðeins í kaupstöðum, sbr. 13. gr., en eftir 1. júlí 1937 gilda sömu reglur að þessu leyti til um land allt í öllu verulegu. Svo hefir verið fellt niður úr 17. gr. laga 1936 3. málsg. 27. gr. laga 1927 um réttindi þeirra, sem *iðn* ráku eða stunduðu fyrir 1. jan. 1928 og ekki fullnægðu skilyrðum þeirra laga, eins og áður er sagt.

Eftir að lög nr. 105/1936 voru komin til framkvæmdar virðast kunnáttumenn í málaraíðninni hafa tekið að amast við framangreindri starfsemi kærða, er þá hafði fengið við málaraíðn 16—17 ár. Þann 14. júní 1937 fór kærði þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að honum yrði veitt-

ur „réttur til að stunda málaraiðn“. Ráðuneytið, sem fengið hafði umsögn landssambands iðnaðarmanna um málið, neitaði í bréfi 9. júlí 1937 beiðni hans, en lét þó hinsvegar svo um mælt, að það liti svo á, að hann héldi þeim rétti, sem hann kynni að hafa haft til málaraiðnar 1. jan. 1928, eða með öðrum orðum, að eldri réttur hans stæði óraskaður þrátt fyrir 17. gr. laga nr. 105/1936.

Í ódagsettu bréfi, sem virðist vera skrifað nálægt 20. júlí 1937, fer sveinasamband byggingamanna þess á leit við lögreglustjóran í Reykjavík, að kærði, er þá hafi unnið „undanfarna daga“ að málningarvinnu við tiltekið hús hér í bænum, verði látinn sæta ábyrgð fyrir það lögum samkvæmt. Þann 22. júlí s. á. var málið svo tekið fyrir í lögreglurétti og dæmt, að fenginni umsögn iðnráðs Reykjavíkur, þann 29. nóv. f. á. með þeim úrslitum, er í hinum áfrýjaða dómi segir.

Krafa sveinasambands byggingamanna um refsí-ábyrgð á hendur kærða virðist vera á því byggð, að 17. gr. laga nr. 105/1936 hafi með niðurfellingu 3. málsg. 27. gr. laga nr. 18/1927 svift þargreinda menn, þar á meðal kærða, þeim atvinnuréttindum, er þeir höfðu samkvæmt nefndri málsgrein. Ef svo skyldi skýra 17. gr. laga nr. 105/1936, þá hafði þegar mátt svifta alla slíka menn atvinnurétti þeirra, stöðva alla iðju þeirra, sbr. að ofan um 2. málsg. 27. gr. laga 1927, og ógilda námssamninga, er slíkir menn kynnu að hafa gerzt aðiljar að samkvæmt áðurgildandi reglum. En svo viðtækan skilning virðist ekki þurfa að leggja í niðurfellingu 2. og 3. málsg. 27. gr. laga 1927 úr 17. gr. laga nr. 105/1936. Síðastnefnd grein segir það eitt beinlínis, hve nær lög nr. 105/1936 gangi í gildi. Hitt er skýringar-

atriði, hvað í niðurfellingu 3. málsgr. 27. gr. laga 1927, sem aðeins skiptir hér beinlinis máli, felst. Þessi niðurfelling virðist ekki þurfa að fela í sér annað eða meira en það, að þeir menn, sem ekki höfðu fengið rétt til iðnrekstrar eða iðnvinnu með lögum 1927, þar á meðal eftir 27. gr. þeirra, geti ekki fengið slíkan rétt eftir gildistöku laga nr. 105/1936, nema þeir fullnægi skilyrðum síðastnefndra laga. Skiptir þetta aðallega máli um menn utan kaupstaða eftir 1. júlí 1937, er löginn taka fyrst að verka þar, er unnið kunna að hafa að iðn, en fullnægja ekki lengur lögmæltum skilyrðum. Téð niðurfelling 3. málsgr. 27. gr. laga 1927 verður því ekki þýðingarlaus, þótt ekki sé í hana lagður sá viðtæki skilningur, sem áður getur, enda virðist svo sem nauðsynlegt hefði verið að segja það glögg og ótvírátt, ef tilætlunin hefði verið að svifta menn rétti þeim, er þeir höfðu fengið samkvæmt 2. málsgr. 27. gr. laga 1927. Og með því að ekki eru heldur glöggvar bendingar í meðferð frumvarps að lögum 105/1936 á alþingi um þetta atriði, þykir rétt að velja hina þrengri skýringuna, er minnstri röskun veldur á ástandi því, er var, þegar lög nr. 105/1936 komu til framkvæmdar. Verður kærði í máli þessu því ekki talinn hafa sakir laga nr. 105/1936 misst þann rétt til að reka eða stunda málaraíðn, er hann hafði fengið samkvæmt 3. málsgr. 27. gr. laga nr. 18/1927, og ber því að sýkna hann í máli þessu af kærnum og kröfum valdstjórnarinnar.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða í héraði, 50 krónur, og mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Kristinn Ögmundsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 50 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódór B. Lindal og Gunnars Þorsteinssonar, 80 krónur til hvors.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. nóv. 1937.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Kristni Ögmundssyni gipssteypumanni, til heimilis Hringbraut 159 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927 og 105 1936.

Kærður er fæddur 29. júlí 1888 að Bolafæti í Hrunamannahreppi. Hann hefir aldrei, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Með ódagsettu bréfi, er Sveinasamband byggingarmanna sendi til lögreglustjórans í Reykjavík í s. l. júlímánuði, tilkynnir það, að kærður hafi undanfarna daga unnið að mál-aravinnu hér í bænum, og óskar rannsóknar um iðjuréttindi hans. Kærður viðurkenndi strax, að það væri rétt, að hann hefði unnið málaravinnu þá, sem Sveinasambandið kærði yfir.

Hann skýrði og svo frá, að málaravinnu hefði hann stundað hér í bænum síðan síðara hluta sumars 1920, að hann málaði skilrúm í Nýja bíó, sem þá var verið að byggja.

Hann kveðst síðan á hverju sumri hafa stundað mál-  
arastörf sem aðal- og einkaatvinnu, að undanteknum  
árunum 1929 og 1930, að hann vann að þeim aðeins yfir  
vortímann.

Á veturnum kveðst kærður hinsvegar aldrei hafa unnið  
málarastörf að neinu ráði.

Kærður kveðst ávallt hafa starfað að húsamálningu bæði  
utan- og innanhúss, en aldrei málað húsgögn eða muni.

Hann kveðst alltaf hafa unnið sjálfstætt, tekið að sér  
sjálfur og stundum haft nokkra menn í vinnu. Eitt vorið  
kveðst hann þó um mánaðartíma hafa unnið hjá öðrum.

Kærður skýrir svo frá, að sér hafi talizt svo til, að hann  
hafi unnið samtals í 75—76 mánuði að málarastörfum fram  
til þess, að hann í fyrra sendi umsókn um að fá viður-  
kennd réttindi sem málari. Þar af kveðst hann hafa unnið  
í nálægt 33 mánuði fyrir 1. janúar 1928.

Í málinu hafa ekki komið fram gögn, er hnekkja þess-  
ari frásögn kærðs. Hann hefir aftur á móti til stuðnings  
þessu lagt fram vottorð frá fjölda manna, er votta um störf  
hans á þessu sviði á undanfórnum árum.

Hinsvegar er það og upplýst, að kærður hefir ekki lært  
málaraiðn hjá viðurkenndum málarameistara og ekki gengið  
á iðnskóla. Hann hefir og ekki fengið viðurkennd nein iðn-  
réttindi.

Með lögum nr. 18 1927 eru sett ákvæði um iðnréttindi  
manna, en þó svo ákveðið í 27. gr. laganna, að þeir, er 1.  
janúar 1928 reka iðn samkvæmt eldri lögum, skuli halda  
þeim rétti.

Samkvæmt þessu ákvæði var kærðum heimill iðnrekstur  
sinn, enda þótt hann aflaði sér ekki viðurkenndra iðnrétt-  
inda.

Með lögum nr. 105 1936 var þetta ákvæði niður fellt.

Hinsvegar eru í 4. gr. laganna talin upp skilyrðin fyrir  
því, að maður hafi iðnréttindi.

Ekkert þeirra skilyrða uppfyllir kærður, og þar sem að  
telja verður, að upptalning greinarinnar eigi að vera tæm-  
andi, verður að líta svo á, að lögín hafi svift hann þeim  
rétti, er hann áður hafði til að stunda málarastörf.

Samkvæmt þessu verður að telja kærðan hafa brotið  
gegn 15. gr. 1. tölulið laga nr. 105 1936. Refsing hans þykir  
eftir atvikum hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkis-

sjóðs. Verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, komi í stað hennar 7 daga einfalt fangelsi.

Ennfremur skal kærður greiða samkvæmt 16. gr. laganna kr. 62.50 í leyfisgjald í rikissjóð. Loks skal hann greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónsonar hrm., er ákveðast kr. 50.00.

Dráttur sá, sem á málinu er orðinn, stafar af því, að rétturinn leitaði umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur um málið, og stóð nokkurn tíma á svári þess.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Guðmundur Kristinn Ögmundsson, skal greiða 100 krónur í sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærði greiði á sama tíma kr. 62.50 í leyfigjald til rikissjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 50.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 21. febrúar 1938.

Kærumálið

Nr. 1/1938.

Útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og

Sveinn Jónsson útibússtjóri

gegn

Guðvarði Sigurðssyni.

**Dómur hæstaréttar.**

Úrskurði þeim, sem frá er greint í máli þessu, uppkveðnum í aukadómþingi Ólafssfjarðarhrepps þann 22. janúar þ. á., hafa kærendur skotið til hæstaréttar